ÁRSSKÝRSLA 2025

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS



EFNISYFIRLIT

2 LYKILTÖLUR ÁRSINS

3 ÁVARP STJÓRNARFORMANNS OG FORSTJÓRA

5 UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

12 REKSTRARAFKOMA OG RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR

16 SKÝRSLAN: *Í TAKT VIÐ TÍMANN*

LYKILTÖLUR ÁRSINS

4.017 m.kr.

Hreinar happdrættistekjur
(3.894 m.kr.)

6,2%

Hagnaður hækkar milli ára

6.450 m.kr.

6.000 m.kr. til Fasteigna Háskóla Íslands, greitt í byrjun árs 2026, 300 m.kr. til Háskóla Íslands og 150 m.kr. í innviðasjóð Rannís

15,25

Stöðugildi
(13,66)

92 ár

Í rekstri

2.519 m.kr.

Hagnaður ársins
(2.371 m.kr.)

26

Byggingar Háskóla Íslands fjármagnaðar

(Árið 2024)



AÐALBYGGING HÁSKÓLA ÍSLANDS 1940

ÁVARP STJÓRNARFORMANNS OG FORSTJÓRA





ÁVARP STJÓRNARFORMANNS OG FORSTJÓRA

Starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands árið 2025 gekk vel þó að vísbendingar séu um að spilun hafi gefið lítillega eftir. Afkoma ársins var góð og jafnframt voru tekin mikilvæg skref í áframhaldandi þróun starfseminnar. Hagnaður ársins nam 2.519 milljónum króna og jókst um 148 milljónir á milli ára. Árangurinn birtist þó ekki eingöngu í afkomu ársins, heldur fyrst og fremst í þeim ávinningi sem starfsemin skilar Háskóla Íslands og íslensku samfélagi.

Frá stofnun árið 1933 hefur hlutverk happdrættisins verið skýrt: að afla fjár til uppbyggingar húsnæðis Háskóla Íslands, viðhalds þess og tækjakaupa. Sú uppbygging sem átt hefur sér stað á háskólasvæðinu undanfarna áratugi væri vart möguleg án framlaga happdrættisins. Um er að ræða fjármuni sem ekki koma úr ríkissjóði, heldur verða til í starfsemi sem rekin er á grundvelli laga og með skýrt samfélagslegt hlutverk.

Í nær heila öld hefur íslenskur peningaleikjamarkaður byggt á því að rekstur sé bundinn sérleyfum og ströngum skilyrðum og að ágóðinn af honum renni til samfélagslega mikilvægra verkefna. Með því hefur verið stutt við uppbyggingu menntunar, íþróttastarfs og björgunarsveita og þannig hafa innviðir samfélagsins verið styrktir án þess að auka útgjöld ríkissjóðs. Þetta fyrirkomulag hefur verið hluti af þjóðarsátt þar sem stjórnvöld veita takmarkaðan aðgang að markaði gegn því að ágóði starfseminnar renni til almannaheilla. Slík sátt byggir þó á því að lagaramminn haldi í við þróun markaðarins og að starfsemi sem beinist að íslenskum neytendum lúti skýru og virku eftirliti.

Á undanförnum árum hafa orðið verulegar breytingar sem ekki sér fyrir endann á. Tækniframfarir og netvæðing hafa gert ólöglegum aðilum kleift að bjóða Íslendingum upp á peningaleiki á netinu án leyfis samkvæmt íslenskum lögum og utan alls eftirlits. Sú þróun hefur grafið undan þeirri þjóðarsátt sem ríkt hefur um peningaleikjamarkaðinn hér á landi.

Flest Evrópuríki hafa brugðist við með því að laga löggjöf sína að nýjum veruleika og koma netspilun í löglegt og eftirlitsskylt umhverfi. Með því hafa stjórnvöld leitast við að tryggja neytendavernd, styrkja varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og sjá til þess að tekjur af starfseminni skili sér til samfélagsins.

Á árinu lét HHÍ vinna skýrsluna *Í takt við tímann*, þar sem gerð er grein fyrir þróun og stöðu peningaleikjamarkaðarins á Íslandi og í samanburði við nágrannaríkin. Niðurstöður hennar sýna að verulegar fjárhæðir renna árlega úr landi til rekstraraðila ólöglegra peningaleikjasíðna. Slík þróun hefur áhrif á tekjustofna, samkeppnisstöðu og getu innlendra leyfishafa til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Hún hefur jafnframt haft alvarlegar samfélagslegar afleiðingar, meðal annars í formi aukins spilavanda.

Markmið skýrslunnar *Í takt við tímann* er að varpa ljósi á stöðuna hér á landi og leggja fram raunhæfar leiðir til úrbóta. Í henni er fjallað um hvernig hægt er að feta í fótspor nágrannaríkjanna og móta heildstæða lagaumgjörð sem tekur mið af breyttum aðstæðum, tryggir neytendavernd og ábyrga spilun, styrkir eftirlit og stuðlar að því að tekjur af starfseminni nýtist samfélaginu.

Nú þegar öld er liðin frá því að lagður var grunnur að skipulögðum peningaleikjamarkaði hér á landi er tímabært að endurmeta lagaramma hans í ljósi breyttra aðstæðna. Mikilvægt er að starfsemi sem beinist að íslenskum neytendum lúti skýru leyfis- og eftirlitskerfi þar sem neytendavernd og ábyrg spilun eru í fyrirrúmi. Að öðrum kosti er hætta á að dragi úr þeim fjárhagslega og samfélagslega ávinningi sem hingað til hefur runnið til menntunar og annarra mikilvægra verkefna, auk þess sem neytendur verða berskjaldaðri gagnvart ólöglegri starfsemi og njóta ekki þeirrar verndar sem þeim ber á þessu sviði.


Til að tryggja áframhaldandi tekjuöflun til almannaheilla er mikilvægt að styrkja tekjustoðir HHÍ. Óbreytt staða gæti haft áhrif á framtíðartekjur, annars vegar ef svigrúm til vöruþróunar nær ekki að fylgja þróun markaðarins eftir og hins vegar ef rekstur Gullnámunnar, Happaþrennu og flokkahappdrættisins dregst saman.

Happdrætti Háskóla Íslands mun áfram rækja hlutverk sitt af ábyrgð og festu. Um leið hvetjum við stjórnvöld til að taka af skarið og móta skýra og heildstæða stefnu um framtíðarskipan íslensks peningaleikjamarkaðar, með hagsmuni samfélagsins að leiðarljósi.

Slík stefna er forsenda þess að sú samfélagslega sátt sem ríkt hefur um peningaleikjamarkaðinn í nær heila öld geti haldið áfram að styrkja menntun og önnur mikilvæg verkefni í íslensku samfélagi.

Ari Karlsson, stjórnarformaður HHÍ

Bryndís Hrafnkelsdóttir, forstjóri HHÍ



ASKJA 2003

UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Happdrætti Háskóla Íslands og tilgangur

Þjóðarsátt hefur ríkt um fjármögnun þjóðþrifamála með peningaleikjum.

6 sérleyfishafar eru á Íslandi.

Happdrætti Háskóla Íslands var stofnað með lögum árið 1933. Starfsemin hófst í janúar 1934 og fyrsti útdráttur fór fram 10. mars sama ár. Tilgangur happdrættisins er samkvæmt lögum að afla fjár til uppbyggingar húsnæðis Háskóla Íslands, viðhalds þess og tækjakaupa.

Háskóli Íslands var upphaflega til húsa í Alþingishúsinu við Austurvöll. Fjölgun nemenda og vaxandi starfsemi kallaði á varanlega háskólabyggingu. Þrátt fyrir að lög hefðu verið sett árið 1932 um byggingu slíks húsnæðis skorti fé vegna efnahagsástandsins. Lausnin fólst í því að Háskóli Íslands fékk heimild til að nýta happdrættisleyfi sem sett hafði verið á laggirnar árið 1926.

Aðalbygging Háskóla Íslands var vígð 17. júní 1940 og markaði upphafið að umfangsmikilli uppbyggingu sem staðið hefur óslitið síðan. Alls hafa yfir 26 byggingar háskólans verið fjármagnaðar að verulegu eða öllu leyti með happdrættisfé.

ÞJÓÐARSÁTT

Frá því að fyrstu almennu lagaákvæðin um happdrættismarkaðinn voru sett, árið 1926, hefur rekstur peningaleikja hér á landi verið bundinn sérleyfum og þeim skilyrðum háður að ágóðinn renni til samfélagslega mikilvægra verkefna.

Þetta fyrirkomulag hefur notið víðtækrar sáttar meðal þjóðarinnar enda hefur með því tekist að fjármagna mikilvæga innviði samfélagsins án aðkomu ríkissjóðs. Nú starfa sex aðilar á grundvelli slíkra leyfa og rennur afrakstur starfseminnar til menntunar, íþróttastarfs, björgunarsveita og annarra mikilvægra verkefna.

Happdrætti Háskóla Íslands starfar á þessum grunni og gegnir þar lykilhlutverki í uppbyggingu Háskóla Íslands.

STARFSFÓLK, STJÓRN OG HÚSNÆÐI

Forstjóri happdrættisins er Bryndís Hrafnkelsdóttir og hóf hún störf í ágúst 2010. Tekjusvið happdrættisins eru tvö og er rekstrarstjóri yfir hvoru sviði. Hjördís María Ólafsdóttir er rekstrarstjóri happdrættissviðs, en jafnframt markaðsstjóri. Forstjóri HHÍ gegndi tímabundið stöðu rekstrarstjóra Gullnámunnar en í byrjun árs 2026 var Arna Ómarsdóttir ráðin í þá stöðu. Stöðugildi í árslok 2025 voru 15,25.

Háskólaráð kýs stjórn Happdrættis Háskóla Íslands. Í upphafi árs skipuðu stjórnina Víðir Smári Petersen, prófessor við lagadeild HÍ, sem jafnframt var formaður stjórnar, Jenný Bára Jensdóttir, fjármálastjóri HÍ, og Kristbjörg Edda Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri. Víðir Smári vék úr stjórninni í apríl og tók Ari Karlsson, lögmaður, sæti hans og formennsku. Kristbjörg Edda fór úr stjórn í lok árs og Arnaldur Sölvi Kristjánsson, lektor í hagfræði við HÍ, tók hennar sæti 1. janúar 2026.

Höfuðstöðvar Happdrættis Háskóla Íslands eru að Dvergshöfða 2 í Reykjavík. Húseignin að Tjarnargötu 4 hefur verið í eigu happdrættisins frá árinu 2007 en hefur verið í útleigu frá árinu 2022. Lóðin að Tjarnargötu 8 er einnig í eigu happdrættisins svo og lagerhúsnæði að Bíldshöfða 16.



UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vörur HHÍ

Vinningshlutfall í flokkahappdrættinu er um 70%.

HHÍ hefur leyfi til að reka þrenns konar happdrætti; flokkahappdrættið sem sett var á laggirnar við stofnun, skyndihappdrætti – þar á meðal Happaþrennuna, sem hefur verið í rekstri frá 1987– og skjávélahappdrætti undir heiti Gullnámunnar sem var komið á fót árið 1993. Happið er smáforrit sem HHÍ innleiddi árið 2023. Það heldur utan um alla leiki Happdrættisins.

FLOKKAHAPPDRÆTTI

Sala í flokkahappdrættinu gekk ágætlega og fór að mestu leyti í gegnum netið. Um 45.000 manns tóku að jafnaði þátt í flokkahappdrættinu. Miðaverð var 2.000 krónur.

Hæsti vinningur ársins var 60 milljónir króna og féll í Milljónaveltunni. Þá unnu 87 miðaeigendur á árinu 1 milljón króna hver, sjö unnu 2,5 milljónir króna, tíu fengu 7 milljónir króna hver, tveir unnu 10 milljónir og tveir 20 milljónir. Einn trompmiðaeigandi vann 35 milljónir króna.

Vinningshlutfall er um 70%, þ.e. að fyrir hverjar 100 krónur sem koma inn renna 70 krónur aftur í vinninga. Vinna við tæknivæðingu hélt áfram í öllum þáttum rekstrarins. Meiri áhersla var lögð á stafræna vegferð sem skilaði sér meðal annars í aukinni sjálfsafgreiðslu miðaeigenda í gegnum Mínar síður og fækkun símtala í afgreiðslu happdrættisins.

HAPPIÐ

Með Happinu, smáforriti HHÍ, hafa viðskiptavinir yfirsýn yfir miðakaup í flokkahappdrættinu og geta fengið alla vinninga í Happaþrennu og Gullnámu greidda inn á rafrænt veski í smáforritinu.

Happið hefur aukið þjónustu og öryggi við viðskiptavini. Það hefur einnig reynst gagnlegt við að uppfylla þær lagaskyldur sem gilda um starfsemi HHÍ vegna varna gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Það tryggir öruggari auðkenningu viðskiptavina, rekjanleika greiðslna og skýrari yfirsýn yfir viðskipti, sem styrkir innra eftirlit og stuðlar að auknu gagnsæi í starfseminni.



Þá mun Happið einnig reynast mikilvægt tæki verði tekin upp rafræn spilakort í starfseminni í framtíðinni. Slík kort hafa víða reynst gagnlegt úrræði í neytendavernd, meðal annars við framkvæmd sjálfsútilokunarúrræða, með því að auðvelda innleiðingu eyðslumarka og yfirsýn spilara yfir eigin spilun.

Íslensk löggjöf heimilar almennt ekki rekstur peningaspila á netinu. Þó er unnt að kaupa miða í flokkahappdrætinu á netinu eða í gegnum Happið. HHÍ hefur fullan hug á að taka þátt í netbundinni starfsemi verði lagarammi um slíka þjónustu endurskoðaður.

UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vörur HHÍ

Allt að 65% vinningshlutfall er í Happaþrennunni.

SKYNDIHAPPDRÆTTI – HAPPAÞRENNA

Sala á Happaþrennum gekk ágætlega á árinu. Einn 10 milljóna króna vinningur kom á Happagull sem var hæsti vinningur ársins.

Á árinu voru þrír nýir miðar kynntir til leiks og Happagull var endurprentað, enda einn vinsælasti miði Happaþrennunnar.

Nýtt sölu- og birgðakerfi var tekið í notkun fyrir Happaþrennuna sem gjörbreytti vinnulagi og einfaldaði ferla. Samhliða því var gerð lítil uppfærsla á vefverslun fyrir Happaþrennur. Vinningshlutfall Happaþrennunnar er á bilinu 60–65%.



NÝIR SJÁLFSALAR HAPPAÞRENNUNNAR

Happaþrennan er seld í gegnum þriðja aðila um allt land en þeim hefur farið fækkandi síðustu ár, með fækkun söluturna og bensínstöðva með þjónustu. Hætt er við því að fleiri sölualðilar muni heltast úr lestinni á komandi árum.

Í lok árs 2025 voru teknir í notkun sex nýir Happaþrennusjálfsalar sem taka greiðslukort. Með tilkomu þeirra jókst sala Happaþrennunnar úr sjálfsölum um 53% á milli ára.





UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vörur HHÍ

Vinningshlutfall í Gullnámunni er um 92% af innri veltu.

Skjávélahappdrætti HHÍ starfar undir heitunum Gullnáman og Gullregn. Gullnáman samanstendur af samtengdum vélum með gullpotti en Gullregn af ósamtengdum vélum.

Alls eru 20 spilasalir og krár á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Reykjanesbæ sem starfrækja tæplega 500 spilavélar.

Á árinu var unnið að mótun framtíðarskipanar reksturs Gullnámunnar með aðkomu ráðgjafa. Samhliða því voru samskipti og samráð við núverandi rekstraraðila Gullnámunnar aukin með það að markmiði að efla samstarf og bæta upplýsingaflæði.

ÚTBOÐ OG SAMNINGUR ÁRIÐ 2024

Á árinu 2024 fór HHÍ í útboð á vegum Ríkiskaupa vegna nýs miðlægs tölvukerfis fyrir Gullnámuna. Markmið útboðsins var að endurnýja tölvukerfi starfseminnar og tryggja trausta og nútímalega umgjörð um rekstur og uppgjör. Að loknu útboðsferli var gengið til samninga við Novomatic.

INNLEIÐING ÁRIÐ 2025

Á árinu 2025 fór fram innleiðing nýja kerfisins. Innleiðingin gekk vel og var unnin í samræmi við áætlanir. Með nýja kerfinu hefur yfirsýn yfir rekstur og uppgjör verið bætt og tæknilegur grunnur styrktur fyrir áframhaldandi þróun starfseminnar.

UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Lagalegt umhverfi

Íslensk löggjöf heimilar almennt ekki rekstur peningaspila á netinu.

Samkvæmt lögum er óheimilt að reka happdrætti hér á landi nema með leyfi dómsmálaráðherra. Tilgangur ákvæðisins er að hamla gegn skaðlegum áhrifum á almenning og viðhalda allsherjarreglu.

Happdrætti Háskóla Íslands starfar á grundvelli sérleyfis samkvæmt lögum, nr. 13/1973, og er starfsemin bundin skýrum skilyrðum um framkvæmd leikja og ráðstöfun ágóða.

Íslensk löggjöf heimilar almennt ekki rekstur peningaspila á netinu. Á undanförnum árum hefur aukin netvæðing leitt til þess að erlendir ólöglegir aðilar hafa boðið Íslendingum aðgang að peningaspilum án leyfis samkvæmt íslenskum lögum.

EFTIRLIT

Eftirlit með útdráttum og vinningum í Happdrætti Háskóla Íslands er í höndum sérstaks happdrættisráðs sem dómsmálaráðherra skipar. Happdrættisráð skipuðu á árinu 2025: Ásta Guðrún Beck lögfræðingur (formaður), Guðgeir Eyjólfsson lögfræðingur og Úlfur Þór Andrason lögfræðingur. Varamaður var Berta Gunnarsdóttir lögfræðingur.

Eftirlit með happdrættisvélum er hjá sýslumannsembættinu á Suðurlandi en eftirlitið var flutt þangað frá dómsmálaráðuneytinu árið 2007.

Ársreikningar happdrættisins eru endurskoðaðir í umboði Ríkisendurskoðunar.

AÐGERÐIR GEGN PENINGAÞVÆTTI OG FJÁRMÖGNUN HRYÐJUVERKA

HHÍ starfar í samræmi við lög nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka og lög nr. 68/2023 um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna.

Áhættumiðað eftirlitskerfi hefur verið innleitt sem byggir á skriflegu áhættumati þar sem metnir eru áhættuþættir tengdir starfseminni, þar á meðal rekstri happdrættisvéla.

Stjórn ber ábyrgð á að viðeigandi eftirlitskerfi sé til staðar og forstjóri útnefnir ábyrgðaraðila aðgerða gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka sem annast tilkynningar um grunsamleg viðskipti. Ábyrgðaraðili skilar árlega skýrslu til stjórnar um framkvæmd og niðurstöður eftirlits.

UM HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Samfélagsleg ábyrgð

Samfélagsleg ábyrgð og ábyrg spilun er rauði þráðurinn í starfsemi HHÍ.

THE EUROPEAN LOTTERIES
FOR THE BENEFIT OF SOCIETY
RESPONSIBLE GAMING CERTIFIED

Þátttaka í happdrættis- og peningaleikjum er skemmtun sem jafnframt felur í sér von um vinning. Ágóði af starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands rennur til uppbyggingar húsnæðis og kaupa á rannsóknartækjum fyrir Háskóla Íslands. HHÍ gerir sér þó grein fyrir því að þátttaka í leikjum er ekki áhættulaus.

Samfélagsleg ábyrgð og ábyrg spilun er því rauður þráður í allri starfsemi happdrættisins. Á undanförnum árum hefur HHÍ gripið til margvíslegra ráðstafana til að lágmarka hættu á spilavanda og spilafíkn.

Spilafíkn er sjúkdómur sem samkvæmt erlendum og íslenskum rannsóknum hrjáir hluta þeirra sem taka þátt í peningaleikjum og getur haft alvarlegar sálrænar, félagslegar og fjárhagslegar afleiðingar fyrir einstaklinga og aðstandendur þeirra.

EVRÓPUSTAÐALL UM ÁBYRGA SPILUN

HHÍ hefur innleitt staðal samtaka evrópskra happdrættisfyrirtækja (European Lotteries) um ábyrga spilun. Staðallinn tekur til stefnumótunar, vöruþróunar, fræðslu til starfsfólks, rannsókna og markaðssetningar.

RANNSÓKNIR

HHÍ hefur um árabil stutt við íslenskar rannsóknir á sviði spilavanda og spilafíknar og hafði frumkvæði að því að slíkar rannsóknir hófust við Háskóla Íslands.

Markmið rannsóknanna er að auka þekkingu á algengi og útbreiðslu spilavanda hérlendis og safna gögnum um stöðu mála meðal unglinga og fullorðinna.

HHÍ styrkir jafnframt meðferðarúrræði við spilavanda hjá SÁÁ um 17 milljónir króna á ári samkvæmt samningi þar um.

MEÐFERÐARÚRRÆÐI OG FRÆÐSLA

HHÍ styrkir meðferðarúrræði við spilavanda hjá SÁÁ samkvæmt sérstökum samningi þar um. Sá samningur er gerður með ÍSP undir heitinu Ábyrg spilun og hlutur HHÍ er 17 milljónir á ári.

Stigvaxandi aukning hefur orðið í komum einstaklinga með spilafíkn til SÁÁ. Frá árinu 2020, þegar HHÍ, Íslandsspil og SÁÁ gerðu með sér fyrsta samninginn, hefur fjöldi þeirra sem njóta meðferðar hjá SÁÁ vegna spilafíknar nær tvöfaldast.

Samkvæmt samningnum ber SÁÁ ábyrgð á að ráðgjafi í fullu starfi og sálfræðingur í hálfu starfi annist einstaklinga með spilavanda. Boðið er upp á göngudeildarúrræði, innlagnarmeðferðir og fræðslu sem styður við þá sem eru með spilavanda sem og fjölskyldur þeirra. Þá sjá sérfræðingar hjá SÁÁ um fræðslu um spilavanda fyrir starfsfólk samningsaðila og sjálfboðaliða Hjálparsíma 1717 einu sinni á ári, eða oftar ef þörf krefur.

> **HHÍ styrkir SÁÁ um 17 milljónir á ári vegna meðferðarúrræðis við spilavanda.**

ALDURSTAKMARKANIR

Óheimilt er samkvæmt lögum að selja happdrættis- og peningaleiki til einstaklinga yngri en 18 ára. HHÍ leggur ríka áherslu á að lög um aldurstakmarkanir séu virt.

Á flestum stöðum þar sem happdrættisvélar Gullnámunnar eru í rekstri eru aldurstakmarkanir miðaðar við 20 ár.

MARKAÐSSETNING

HHÍ leggur áherslu á að markaðssetning taki mið af þeirri áhættu sem kann að fylgja þátttöku í peningaleikjum. Gætt er að því að höfða ekki til viðkvæmra hópa, svo sem barna og unglinga, og að gefa ekki villandi upplýsingar um vinningslíkur.

LÁN TIL SPILUNAR

Ekki eru veitt lán til þátttöku í leikjum HHÍ undir neinum kringumstæðum.




VERÖLD – HÚS VIGDÍSAR 2017

REKSTRARAFKOMA OG RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR

REKSTRARAFKOMA OG RÁÐSTÖFUN HAGNAÐAR

Hreinar happdrættistekjur.



Rekstur ársins gekk ágætlega og námu hreinar happdrættistekjur (sala að frádregnum vinningum) 4.043 m.kr. samanborið við 3.894 m.kr. árið áður og hrein velta nam 2.972 m.kr. Hagnaður ársins nam 2.519 m.kr. og hækkaði um 148 m.kr. milli ára. Heildareignir í árslok námu 9.848 m.kr. og eigið fé nam 8.669 m.kr.

	2025	2024	%
Hreinar happdrættistekjur	4.017.344.237	3.893.802.370	3,2%
Rekstur happdrættis	- 1.070.700.409	- 1.100.448.638	2,7%
Hrein velta	**2.946.643.828**	**2.793.353.732**	**5,5%**
Aðrar tekjur	22.224.692	21.122.923	
Laun og launatengd gjöld	- 281.029.929	- 226.162.742	
Breyting lífeyrisskuldbindingar	- 90.487.707	35.590.792	
Annar rekstrarkostnaður	- 359.203.905	- 376.844.703	
Leyfisgjald	- 150.000.000	- 150.000.000	
Afskriftir	- 115.284.877	- 136.259.600	
Rekstrarhagnaður	**1.972.862.102**	**1.960.800.402**	**0,6%**
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) Hreinar fjármunatekjur	536.605.106	416.009.459	
Afkoma af rekstri hlutdeildarfélaga	9.552.592	- 5.605.170	
Hagnaður ársins	**2.519.019.800**	**2.371.204.691**	**6,2%**



Hótel Saga



Hús Heilbrigðisvísindasviðs

STARFSEMIN OG REKSTRARAFKOMA

Ráðstöfun hagnaðar

Hagnaði Happdrættis Háskóla Íslands er ráðstafað til uppbyggingar húsnæðis Háskóla Íslands, viðhalds þess og tækjakaupa. Á árinu 2025 var unnið að breytingum á því hvernig ágóða HHÍ er ráðstafað. Í stað beinna framlaga til Háskóla Íslands veitir HHÍ nú Fasteignum Háskóla Íslands ehf. (FHÍ) lán til fjármögnunar framkvæmda. Þann 23. desember 2025 var undirritaður lánasamningur milli HHÍ og FHÍ að fjárhæð 6 milljarðar króna sem kom til útborgunar í janúar 2026.

Þessar breytingar voru gerðar í kjölfar innleiðingar laga nr. 123/2015 um opinber fjármál og þess að byggingar Háskóla Íslands voru færðar í sérstakt félag, Fasteignir Háskóla Íslands ehf., árið 2021. HHÍ innheimtir vexti af láninu og ráðstafar þeim til Háskóla Íslands þannig að skólinn verði ekki fyrir fjárhagslegu tjóni af breyttu fyrirkomulagi. Samhliða þessum breytingum var HHÍ veitt undanþága frá fjármagnstekjuskatti sem tók gildi 1. janúar 2026.

Á árinu var að auki 300 milljónum króna ráðstafað beint til Háskóla Íslands í formi sérstaks rekstrargjalds. Jafnframt var greitt árlegt leyfisgjald í ríkissjóð að fjárhæð 150 milljónir króna, sem rennur til innviðasjóðs Rannís.

> **Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Enn fremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabyggginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir Háskólans, svo og til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast.**
>
> *Úr lögum um Happdrætti Háskóla Íslands, nr. 13/1973.*

ALLAR BYGGINGAR HÁSKÓLA ÍSLANDS HAFA NÆR EINGÖNGU VERIÐ KOSTAÐAR AF HAPPDRÆTTISFÉ. ÞÆR ERU EFTIRFARANDI OG ER TILGREINT ÞAÐ ÁR SEM ÞÆR VORU TEKNAR Í NOTKUN:



SETBERG
1937



AÐALBYGGING HÁSKÓLA ÍSLANDS
1940



ÍÞRÓTTAHÚS HÁSKÓLA ÍSLANDS
1948

EIRBERG
1956




HÁSKÓLABÍÓ
1961

ARAGATA 9 & 14
1963/1973

HÚS RAUNVÍSINDASTOFNUNAR
1966

NESHAGI 16
1966



ÁRNAGARÐUR
1969



LÖGBERG
1972

VR-I
1972

VR-II
1975



LÆKNAGARÐUR
1983




ODDI
1985

SÓLTÚN
1987

VR-III
1987


TÆKNIGARÐUR
1988

HAGI
1991




NÝI-GARÐUR
1996

ASKJA
2003




HÁSKÓLATORG
2007



GIMLI OG TRÖÐ
2007



VERÖLD – HÚS VIGDÍSAR
2017



EDDA
2023

SAGA
2025



EDDA 2023

SKÝRSLAN: *Í TAKT VIÐ TÍMANN*

SKÝRSLAN: *Í TAKT VIÐ TÍMANN*

Peningaleikjamarkaðurinn telst „sérstakur markaður“ innan Evrópusambandsins.

Nú er öld liðin frá því að fyrstu almennu lagaákvæðin um happdrætti voru sett hér á landi og grunnur var lagður að skipulögðum peningaleikjamarkaði. Allt frá því hefur ríkt þjóðarsátt um hina löglegu starfsemi þar sem ágóðinn hefur verið nýttur til samfélagslega mikilvægra verkefna, svo sem íþróttastarfs, reksturs björgunarsveita og uppbyggingar menntastofnana. Þetta fyrirkomulag hefur létt byrðum af ríkissjóði og styrkt grunnstoðir samfélagsins.

Tækninýjungar og netvæðing hafa hins vegar skapað nýjar áskoranir tengdar peningaleikjamarkaði því nú er mun auðveldara að bjóða upp á peningaleikjastarfsemi þvert á landamæri, óháð því hvort hún sé ólögleg eða ekki. Flest Evrópuríki hafa brugðist við með því að aðlaga löggjöf sína að þessum veruleika og heimilað spilun á netinu. Markmiðið hefur verið að færa starfsemina inn í löglegt og eftirlitsskylt umhverfi þar sem stjórnvöld geta haft raunveruleg áhrif á þróun markaðarins. Með því hefur verið leitast við að stemma stigu við ólöglegri starfsemi, sporna við peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka, efla neytendavernd og vernda viðkvæma hópa. Samhliða hefur verið reynt að tryggja að afrakstur starfseminnar skili sér í opinbera sjóði og til samfélagslega mikilvægra verkefna.

Íslenskum stjórnvöldum hefur hins vegar ekki auðnast að fylgja þessari þróun eftir. Afleiðingin er sú að rekstraraðilar vefsíðna þar sem boðið er upp á ólöglega peningaleiki hafa tekið yfir stóran hluta íslenska markaðarins.

Á árinu lét HHÍ vinna skýrsluna *Í takt við tímann*, þar sem gerð er grein fyrir þróun og stöðu peningaleikjamarkaðarins á Íslandi, samanburði við önnur Evrópuríki og mögulegum leiðum til að styrkja lagaumgjörð, neytendavernd og eftirlit.

> **Áætlað er að 40 ma.kr. renni árlega úr landi til ólöglegra rekstraraðila.**

Samkvæmt skýrslunni renna hátt í 40 milljarðar á ári úr landi í vasa rekstraraðila ólöglegu peningaleikjasíðnanna. Sú þróun hefur alvarlegar afleiðingar í för með sér, meðal annars á tekjustofna, samkeppnisumhverfi og getu innlendra leyfishafa til að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Þá hefur þessi þróun einnig leitt til aukins spilavanda, sérstaklega hjá ungum karlmönnum, án þess að nægileg úrræði séu til staðar.

Mikilvægt er að lagarammi peningaleikjamarkaðarins taki mið af breyttum aðstæðum og tryggi að starfsemi sem beinist að íslenskum neytendum lúti skýru leyfis-, eftirlits- og skattakerfi þar sem neytendavernd og ábyrg spilun eru í forgrunni. Að öðrum kosti er hætta á að veikja þann lagagrundvöll og þá skipan sem íslenski peningaleikjamarkaðurinn hefur byggt á um áratugaskeið.

Peningaleikjamarkaðurinn telst „sérstakur markaður“ innan Evrópusambandsins og fellur að hluta utan almennra reglna innri markaðarins. Dómstóll Evrópusambandsins hefur ítrekað staðfest rétt aðildarríkja til að takmarka slíka starfsemi á grundvelli almannahagsmuna, neytendaverndar og baráttu gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Því gildir þjónustufrelsi ekki að fullu um þennan geira og leyfi sem veitt er í einu ríki veitir ekki sjálfkrafa aðgang að mörkuðum annarra ríkja. Samkvæmt svokallaðri nálægðarreglu (*e. principle of subsidiarity*) er það á ábyrgð hvers ríkis að setja og framfylgja eigin reglum, að því gefnu að takmarkanir byggist á málefnalegum sjónarmiðum og séu studdar samræmdu og kerfisbundnu eftirliti.

Markmið skýrslunnar er að varpa ljósi á þróun og núverandi stöðu peningaleikjamarkaðarins á Íslandi og hvernig nágrannaríkin hafa brugðist við þeim áskorunum sem blasa við.

Í skýrslunni er sérstök áhersla lögð á hvernig löggjöfin í nágrannaríkjunm hefur verið aðlöguð að breyttum veruleika með lögleiðingu netspilunar, einkum til að efla neytendavernd, auka tekjur ríkissjóðs, berjast gegn skipulagðri glæpastarfsemi og styrkja varnir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka. Í því samhengi er fjallað um fyrirkomulag skattheimtu, lagasetningar, stjórnsýslu og eftirlits í öðrum löndum. Einnig er leitast við að skýra hvernig hægt sé að móta lagaumgjörð í samræmi við evrópsk viðmið og tryggja neytendavernd og ábyrga spilun.

Á grundvelli þessarar greiningar eru lagðar fram raunsæjar hugmyndir um hvernig íslensk stjórnvöld geti snúið við blaðinu, fetað í fótspor annarra Evrópuríkja og mótað heildstæða skipan peningaleikjamarkaðarins. Þær miða að því að tryggja þjóðarbúinu auknar tekjur sem hlaupa á milljörðum króna árlega, stuðla að aukinni neytendavernd en ekki síst sporna við skipulagðri brotastarfsemi og uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar í baráttunni gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Nú er tímabært að stjórnvöld taki af skarið og móti skýra og heildstæða stefnu um framtíðarskipan íslensks peningaleikjamarkaðar. Að öðrum kosti er hætta á að sú þjóðarsátt sem ríkt hefur um markaðinn veikist enn frekar og að tekjur og áhrif færist í auknum mæli úr landi, án eftirlits og án ávinnings fyrir íslenskt samfélag.

